

Áætlun

Móttaka og meðhöndlun úrgangs og farmleifa skipa





Kort á mynd 1 sýnir yfirlit yfir hafnarsvæðið. Móttaka á almennum úrgangi í höfninni er merkt með gulum punktum, flokkuðum úrgangi með bláum punkti og móttaka á úrgangsolíu með rauðum punkti

Áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa skipa

Almennar upplýsingar um höfnina

Stjórnsýsluupplýsingar

Útgefið: 13. júlí 2012 (uppfært 10. janúar 2017)
Höfn: Breiðdalsvíkurhöfn
Hafnarstarfsemi: Fiski og smábátahöfn
Heimilisfang: Breiðdalshreppur
Selnesi 25,
760 Breiðdalsvík

Tengiliður:

Sveitarstjóri / Hafnarstjóri:
Sif Hauksdóttir Verkefnastjóri Breiðdalshrepps
Selnesi 25, 760 Breiðdalsvík
s: 4 705 561 / f: 4 756 758 / g: 8624368
sif@breiddalur.is / www.breiddalur.is

[Áhaldahús Breiðdalshrepps:](#)

Hermann Arnþórsson Verkstjóri Áhaldahúss Breiðdalshrepps
Selnesi 1, 760 Breiðdalsvík
s: 4 705 576 / g: 899 5406
ahaldahus@breiddalur.is / www.breiddalur.is

[Höfnin – Vigtarskúr:](#)

[f: 475 6631](tel:4756631) / hofn@breiddalur.is

Fjöldi landana 2016: - - 506
Aflamagn 2016: - 1912 tonn árið 2016

Rekstur:

Sveitarstjórn Breiðdalshrepps fer með málefni hafnarinnar og er jafnframt hafnarstjórn og sveitarstjóri/verkefnastjóri er einnig hafnarstjóri. Starfsmenn Breiðdalshrepps (Áhaldahúss) sinna almennum störfum við höfnina, ss. vigtun sjávaraflla.



Frá Breiðdalsvíkurhöfn

Tilgangurinn með gerð áætlunargerðarinnar

Tilgangurinn með áætlun Breiðdalsvíkurhafnar er að uppfylla reglur sem ætlað er að vernda umhverfið með því að tryggja viðunandi aðstöðu til móttöku úrgangs og farmleifa frá bátum og skila honum til viðurkenndrar förgunar- eða meðhöndlunarstöðvar.

Samráð

Samráð um þá starfssemi sem fer fram á hafnarsvæðinu er fyrst og fremst við þá útgerðaraðila sem nýta höfnina, fiskmarkað, og svo þá vinnslu sem er í fiskvinnslu Breiðdalsvíkur. Ekki er um formlegt samráð, heldur reynir sveitarfélagið að vera í góðu samstarfi við þá aðila sem nýta höfnina, til þess að umgengni sé sem best.

Umfang starfssemi hafnarinnar

Breiðdalsvíkurhöfn er fiskihöfn sem byggð er fyrir almenna útgerð. Höfnin er yst á Selnestanga, en þar er sjóvarnargarður sem hlífir höfninni. Bryggja Breiðdalsvíkurhafnar eru nú aðeins ein sem byggð var á sínum tíma sem togarahöfn og auk þess eru tvær flotbryggjur. Megin starfssemi Breiðdalsvíkurhafnar fer fram á „Nýju bryggjunni“ þar sem eru löndunarkranar og önnur þjónusta.



Frá Breiðdalsvíkurhöfn



Umferð og móttaka 2016

Megin uppstaða úrgangs er óflokkaður almennur úrgangur af skipum og bátum. Engin sérstök formeðhöndlun á úrgangi er í höfninni.

Móttaka á úrgangi við Breiðdalsvíkurhöfn er hjá Áhaldahúsi Breiðdalshrepps – Safnstöð sem staðsett er á hafnarsvæði Breiðdalsvíkurhafnar. Meðfl. tafla sýnir fjölda þeirra skipa og tegundir, sem nýttu Breiðdalsvíkurhöfn árið 2016.

Tegund skipa	Fjöldi notenda 2011
Fiskibátar	20
Stór fiskiskip	1
Flutningaskip	0
Afpreyingar skip	0
Önnur skip	0

Tegund skipa	Fjöldi notenda 2016
Fiskibátar	13
Stór fiskiskip	0
Flutningaskip	0
Afpreyingar skip	1
Önnur skip	0

Meðfl. tafla sýnir yfirlit yfir móttökuflokka. Ráðstöfun og magn hvers flokks sem tekið er á móti hjá Breiðdalsvíkurhöfn. Starfsmenn Áhaldahúss sjá um að tæma flokkunarílát og halda utan um skráningu, og áætla magntölur jafn óðum eftir því sem við á.

	Tegund og gerð móttökubúnaðar	Aðferð við söfnun	Árlegt magn (áætlað)	Ráðstöfun
Almennur úrgangur (Óflokkaður úrgangur, heimilis- og lífrænn úrgangur)	Sorptunnur við bryggju og Safnstöð (240 lítra)	Tæmt aðrahvora viku	5 tonn kg.	Urðun
Endurvinnanlegur úrgangur	Flokkunarílát við Safnstöð (1000 lítra)	Tæmt vikulega		Gámaþjónustan Reyðarfirði
Veidarfæraúrgangur	Móttaka við Safnstöð	Eftir þörfum	Engin veiðafæri á árinu	
Spilliefni	Móttaka við Safnstöð. (sett)	Tæmt eftir	100 -200 kg	Efnamóttaka

	í viðurkennd spilliefnakör frá Sagaplasti, undir 400 lítra)	þörfum		Reykjavík
Fljótandi olíuúrgangur	Olíutankur 1100 lítra	Tæmdur eftir þörfum	200 - 400 lítrar á ári	N 1
Fljótandi skólpúrgangur	Á ekki við			
Annar úrgangur	Samkomulag milli báts og hafnar			

Staðsetning og aðgengi að búnaði til móttöku úrgangs

Áhaldahús Breiðdalshrepps – Safnstöð er staðsetta á hafnarsvæði Breiðdalsvíkurhafnar. Starfsmenn Áhaldahúss sjá um sorphirðu og móttöku á öllum úrgangi sem fellur til í sveitarfélaginu. Safnstöð Breiðdalshrepps við Áhaldahús er með flokkunarílát fyrir allan úrgang. Ekki er um að ræða sér flokkunarílát fyrir starfssemi hafnarinnar, en þó eru sorptunnur við vigtarskúr á bryggju og við landgang á flotbryggju.

Breiðdalshreppur er í samstarfi við Gámaþjóustu Reyðarfjarðar varðandi endurnýtingu og förgun á flokkuðum úrgangi sem ekki fer til urðunnar. Ef losa þarf skulp eða kjölvatn er sótt dæla með tanki sem er staðsett við Áhaldahús. Formeðferð útgangs og farmleifa fer ekki fram á Breiðdalsvíkurhöfn.

Aðstaðan er metin út frá reynslu, og talið að hún sé fullnægjandi og samræmi við þarfir.



Áhaldahús Breiðdalshrepps - Safnstöð

Kvartanir

Kvörtunum um vanbúnað skal komið til sveitarstjóra/verkefnastjóra áhaldahúss eða til sveitarstjórnar Breiðdalshrepps sem tekur þær þá á dagskrá. Verkstjóri áhaldahús skal sjá til þess að minniháttar vandamál séu leyst jafn óðum. Mál sem vísað er til sveitarstjórnar skal taka fyrir á næsta reglulega fundi til úrlausnar.

Kostnaður við móttöku úrgangs

Kostnaður við móttöku úrgangs við höfnina er skilgreindur í gjaldskrá Breiðdalshrepps sem hægt er að nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins: www.breiddalur.is



Endurskoðun

Samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 1200/2014 skal endurskoða áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa á þriggja ára fresti, næsta endurskoðun árið 2019. Einnig skal hún endurskoðuð ef meiriháttar breytingar verða á rekstri hafnarinnar.

Lög og reglugerðir

Áætlun þessi er unnin í samræmi við ákvæði eftirfarandi laga og reglugerða:

Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun útgangs

Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Reglugerð nr. 801/2004 um varnir gegn sorpmengun frá skipum

Reglugerð nr. 792/2004 um móttöku á úrgangi frá skipum

Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni

Upplýsingar vegna losunar úrgangs

Tilgangurinn með áætlun Breiðdalsvíkurhafnar er að uppfylla reglur sem ætlað er að vernda umhverfið með því að tryggja viðunandi aðstöðu til móttöku úrgangs og farmleifa frá bátum og að því sé skilað til viðurkenndrar förgunar eða meðhöndlunarstöðvar.

Óski bátar eftir að losa úrgang hjá höfninni skal hafa samband við starfsmann Áhaldahúss í síma 899 5406 eða skrifstofu Breiðdalshrepps í síma 4 705 560.

Ábyrgð

Ábyrgð á framkvæmd er hjá verkefnastjóra Breiðdalshrepps (*hafnarstjóra*) og sveitarstjórn Breiðdalshrepps.

Breiðdalsvík, 10. janúar 2017

Sif Hauksdóttir
Verkefnastjóri Breiðdalshrepps